

Fundur stjórnar foreldrafélagsins 21. september 2022

Mætt: Guðbjörg, Hjörvar, Hafþór, Sædís, Martha og Ragnheiður Lilja. Íris leikskólastjóri og Heiða aðstoðarleikskólastjóri.



Skipt var í hlutverk og eru þau þannig

Formaður: Hjörvar

Varaformaður: Martha

Gjaldkeri: Guðbjörg

Meðstjórnendur: Sædís, Hafþór, Ragnheiður Lilja og það vantar enn eitt foreldri frá Teigakoti

Við fórum yfir:

Foreldraráð Teigasels (Foreldraráð Teigasels skipa, Díana Bergsdóttir, Hildur Jónsdóttir og Katrín Lilja Jónsdóttir) hefur samþykkt skóladagatal leikskólans veturinn 2022-2023 og breytingu á skipulagsdögum, þar sem fyrirhuguð er námsferð starfsfólks í apríl 2023.

Hvert er hlutverk foreldrafélagsins? Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimilis og skóla. Við ræddum um hvað getum við gert til að efla samstarf foreldra og hittinga utan leikskóla.

Jólaferðir: Ætlum að hafa það flæðandi stöðvar eins og við vorum með það í fyrra nema núna eru foreldrar velkomnir að koma og vera með sínu barni.

Sveitaferðin: Endurvekja hana, hvert á að fara?

Sumarhátíðin: Allir verða að vera virkir og byrja að leggja hugann í bleyti fyrir skemmtiatriðum.

Sendir verða greiðsluseðlar á hvert heimili fyrir árgjaldi félagsins, hafa gjaldið óbreytt eða 4000 kr. á heimili

Foreldraráðið koma inn á fundinn kl. 16.

Í lögum um leikskóla í grein 11. Er talað um foreldraráð „Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og

kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi

Díana sagði frá hlutverki foreldraráðsins og þær hugmyndir sem þær hafa. Þær vilja virkja bæði foreldrafélagið og ráðið meira og hafa meiri samvinnu á milli.

Hugmyndir hvort að hægt væri að fá foreldra meira inn á leikskólann. Eitthvað sem þau hafa sérþekkingu í og er gaman að deila áfram til barnanna.

Díana ætlar að koma í leikskólann og vera með danskennslu/æfingar í salnum fyrir allan leikskólann.

Foreldraráð og foreldrafélagið ákváðu að hittast og skreyta leikskólann fyrir Halloween.

Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Fundagerð ritaði: Heiða Björk Guðjónsdóttir